



Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarsamkomu
á 100 ára afmæli KFUM og KFUK
29. apríl 1999

Heiðruðu hátíðargestir

Það var mér mikil gæfa að alast upp í vestfirsku sjávarþorpi og njóta návista við það góða fólk sem þar sótti sjóinn, ræktaði jörðina og sinnti önn hversdagsins með skildurækni og lífsgleði.

Vissulega var fátt stórra tíðinda við fjörðinn eða upp til dala. Mánuðir og ár urðu ærið keimlík þótt auðvitað syngju veturinn og vorið ólík ljóð.

Í minningunni um þessa æskutíð eru fáeinir atburðir sem rísa svo hátt að þeir jafnast á við helstu hátíðir; eru þeim jafnvel fremri að flestu leyti.

Slík var heimsókn sr. Friðriks til Þingeyrar á lognfögnum sumardegri fyrir um fimmtíu árum. Við krakkarnir hópuðumst niður á bryggjuna og biðum þess með ótrúlegri eftirvæntingu að báturinn sækti hann út í sjóflugvélina sem lent hafði á firðinum.

Ég sé enn í smáatriðum þá stóru stund þegar sr. Friðrik gekk upp tröppurnar frá bátnum og heilsaði okkur á bryggjuhausnum: virðulegur, hægur, hlýr, nánast úr öðrum heimi; vindillinn það eina sem tengdi hann við veröld venjulegra manna; og þó var reykurinn sem hann blés út í hressandi sjávarloftið einhvern veginn svo höfðinglegur að jafnvel sú athöfn var staðfesting á því að í plássið var komin goðsagnakennd vera.

Þessi minningarmynd úr heimi ungmenna í litlu vestfirsku þorpi skömmu eftir stríðið mikla er ljósbot sem sýnir hvílíkan sess stofnandi og leiðtogi KFUM og KFUK hafði meðal þjóðarinnar. Ég held jafnvel að við krakkarnir höfum talið sr. Friðrik mun merkilegri en Ásgeir forseta sem kom um svipað leyti í plássið, og var þó Ásgeir vel virtur í sínu

gamla kjördæmi, Ísafjarðasýslu vestri. Einhvern veginn fannst okkur að Ásgeir væri bara forseti en við vorum sannfærð um að sr. Friðrik væri í sérstöku sambandi við guð almáttugan.

Þegar nú er fagnað 100 ár afmæli KFUM og KFUK þá sýna slíkar minningar um hinn merka stofnanda hreyfingarinnar, sr. Friðrik Friðriksson, að í raun eru KFUM og KFUK enn ung þótt félögin hafi nánast fylgt öldinni allri.

Svo samofin er hin kristilega hreyfing sigurgöngu Íslendinga til sjálfstæðis og framfara að ekki er unnt að lýsa umbroti breytinga og andlegrar gerjunar á þessu einstæða tímasteiði án þess að geta ríkulega um hinn merka hlut KFUM og KFUK.

Þáttur félaganna í uppeldi og fræðslu, þjálfun og þroska þúsunda æskufólks hefur fært þjóðinni hæfileikaríka sveit sem í sérhverjum áfanga aldarinnar hefur auðgað samfélag okkar að trúarsannfæringu og heilbrigðum lífsháttum.

Það er göfug hugsjón að veita æskufólki veganesti trúar og þroska, að þjálfað í íþróttum og samstarfi, að miðla þeirri reynslu að líkami, sál og andi myndi eina heild.

Framlag KFUM og KFUK verður aldrei metið til fjár, en áhrif félaganna á þróunarsögu íslensks samfélags frá hinni frábrotnu byggð sem hér var í upphafi aldarinnar til hins fjölþætta nútíma, sem við þekkjum af eigin raun, eru meðal merkustu einkenna íslenskrar þjóðfélagsþróunar á þessari öld.

Líkt og við sem vorum krakkar á Þingeyri fyrir nær fimmtíu árum munum ætíð varðveita minningar um komu sr. Friðriks í þorpið, þá búa þúsundir Íslendingar að dýrmætri reynslu frá samkomum og fundum KFUM og KFUK, skemmtikvöldum og bænastundum, dvöl í sumarbúðum, gönguferðum, útivist og fræðslu um boðskap frelsarans, trú og kærleika. Vatnaskógur og Vindáshlíð eru táknaðir þeirra sérstöku ævintýra sem starfið innan KFUM og KFUK hefur um áraraðir fært íslenskum ungmennum.

Veganestið sem KFUM og KFUK hafa veitt æskufólki Íslands í hundrað ár er fjársjóður sem þjóðin metur að verðleikum. Fyrir það mikla framlag færi ég ykkur þakkið á þessum tímamótum um leið og ég óska KFUM og KFUK heilla og farsældar á nýrri öld.

Megi þjóðin og hið kristna samfélag um langa framtíð njóta krafta ykkar og trúar, sannfæringar og fórnfýsi.